



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 12. ágúst 2025, fundur hófst kl 18:00.

**Staður:** Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Davíð Áskelsson, Sigrún Valþórsdóttir, Katla Gísladóttir, Haraldur Pétursson.

Fjarverandi: Lárus Sindri Lárusson og Sigurbjörn Eiríksson

### 1. Styrkur vegna HM þátttöku

Farið var yfir umsókn um styrk vegna þátttöku á HM.

### 2. Skipulagsmál/Þjónustumiðstöð

Ósk barst frá bæjarstjóra Kópavogs skömmu eftir síðasta stjórnarfund um fund sem svo frestaðist fram yfir verslunarmannahelgi og er boðaður á morgun 13.8. Ásthildur Helgadóttir og Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri mæta fyrir hönd Kópavogs en Jónína, Katla og Sigurbjörn fyrir hönd Sprettis. Fundurinn er fyrst og fremst til að heyra hvað Kópavogsbær er að hugsa með fyrirhugaða þjónustumiðstöð á "gamla" rúlluplaninu fyrir ofan Samskipahöllina. En eflaust verður eitthvað meira rætt.

### 3. Fjármál félagsins

Staðan er ágæt en frekari umræður frestast til næsta fundar vegna fjarveru gjaldkera.

### 4. Útleiga á Samskipahöllinni

Meistaradeildin, MD ungmenna og MD æskunnar hafa sent innfyrirspurnir vegna mótahalds á komandi keppnistímabili. Farið var yfir fyrirspurnirnar og verða formleg svör send.

### 5. Taðmál

Staðan er óbreytt, ekkert breyst síðan í vor og áfram verður hægtað losa tað hjá Sorpu í Álfsnesi fyrir fast verð.

### 6. Starfsmannamál

Farið var yfir starfsmannamál.

### 7. Önnur mál

Sigrún verður fulltrúi stjórnar við Metamótsnefnd á komandi Metamóti

Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson